



Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Fjarðabyggð

1. gr.

Ákvæði laga

Samkvæmt lögum nr. 138/1997 eru húsaleigubætur ætlaðar til að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Rétt til bóta eiga þeir sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili. Viðkomandi húsnæði þarf að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði og leigusamningur þarf að vera þinglýstur og gilda til sex mánaða eða lengri tíma.

Samkvæmt reglugerð nr. 118/2003 um húsaleigubætur gilda ýmsar takmarkanir um bótarétt og má þar nefna tekju og eignamörk.

2. gr.

Skilgreiningar

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika.

Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði umfram almennar húsaleigubætur. Félagsmálanefnd tekur ákvörðun um úthlutun sérstakra húsaleigubóta.

3. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

- a. Umsækjandi þarf að mæta í viðtal til starfsmanns félagsþjónustusviðs til að umsóknin taki gildi.
- b. Umsækjandi hefur ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- c. Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hefur sótt um þær.
- d. Umsækjandi á lögheimili í sveitarfélaginu Fjarðabyggð þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 6 mánuði samfleytt áður en umsókn berst.
- e. Eignir og tekjur umsækjanda miðast við eftirfarandi hámarksupphæðir undanfarna 12 mánuði: Eignamörk eru kr. 3.897.000.-. Tekjumörk eru kr. 2.794.865.- fyrir einhleyping en kr. 3.913.800.- fyrir hjón og sambúðarfólk, auk þess kr. 467.874.- fyrir hvert barn á framfæri innan 20 ára.
Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda.
- f. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.

- g. Umsækjandi býr við félagslega og fjárhagslega erfiðleika.
- h. Umsækjandi þarf að uppfylla að lágmarki fimm stig á matsviðmiði –sjá fylgiskjal I.

Umsækjandi skal afhenda með umsókninni nýjasta skattframtal sitt ásamt útprentun úr staðgreiðsluskrá fyrir sig og maka sinn.

5. gr.
Fjárhæð

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 1.300,- í sérstakar húsaleigubætur. Þó geta húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 50.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð.

6. gr.
Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni.

7. gr.
Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja skilyrðum 3.gr. c og d allt það tímabil sem leigusamningur gildir.
Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

8. gr.
Endurnýjun á umsókn

Endurnýja skal umsókn um sérstakar húsaleigubætur á sex mánaða fresti.

9. gr.
Málsmeðferð

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Umsóknir skulu berast á skrifstofu Fjarðabyggðar á þar til gerðum eyðublöðum.
Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu og með vitund umsækjanda.

Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna. Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

10. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

11. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd 29. nóvember 2010 og staðfestar af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 22. desember 2010 og öðlast þegar gildi.